

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 24.mars 2026 kl. 13:00 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1249. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir, Silvá Kjærnested, Auður Eygló Andrésdóttir, Dagný Geirdal og Böðvar Páll Jónsson.
Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. *Kleppsvegur Kleppur 0 - USK26020143

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25100152 þannig að glerskáli í öryggisgarði er felldur niður á lóð Kleppsspítala.

Minnkun: 16,9 ferm., 50,2 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

2. Ármúli 38 - USK26020139

Sótt er um leyfi til að innrétta tvær íbúðir í rými 0202 í mhl. 03 á lóð nr. 38 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt dags. 30. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Baldursgata 30 - USK26020221

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í rými 0101 í mhl. 03, á lóð nr. 30 við Baldursgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 1. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Bankastræti 2 – breytingaerindi - USK26020046

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24110359 með því að breyta innra skipulagi á 1. og 2. hæð í mhl. 04, Lækjargötu 3A, á lóð nr. 2 við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Borgartún 24C - USK26030344

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25120099 þannig að gestum er fækkað í 50 manns á veitingastað í flokki II tegund e í rými 0101, Borgartúni 24C, í íbúðar-og verslunarhúsi á lóð nr. 24 við Borgartún.

Erindi USK25120099 er breyting á stofnerindinu BN057713,

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 17. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

6. Borgartún 28 - USK25060286

Sótt er um heimild til að koma fyrir LED auglýsingaskilti á vesturgafi verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 28 við Borgartún.

Synjað

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. mars 2026 sl.

7. Breiðhöfði 13 – breytingaerindi - USK25120174

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090206 þannig að staðsetningu djúpgáma er breytt, gólfkótum A-húss, hurðum og eignarhaldi geymslna í kjallara er breytt, veggir eru þykktir og innra skipulagi nokkurra íbúða breytt auk þess sem brunavarnir og skráningartafla er uppfærð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Breiðhöfða.

Erindi fylgir uppfærð skýrsla Öruggr um brunavarnir útg. V03 dags. 9. desember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. maí 2024.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

8. Brekkustígur 3A - USK25120370

Sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu á einni hæð með þaksvölum við austurhlið, gera nýjan kvist á vesturþekju og færa inngang einbýlishúss á lóð nr. 3A við Brekkustíg.

Stækkun: 24,1 ferm., 68,9 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. janúar 2026, samþykki meðeiganda dags. 23. desember 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Brúnavegur 13 - USK26020432

Sótt er um leyfi til að koma fyrir LED auglýsingaskilti í stað núverandi flettiskiltis á bílastæði við Laugarásbíó, mhl.07, á lóð nr. 13 við Brúnaveg.

Erindi fylgir aðaluppdráttur samþykktur 9. september 1993.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

10. Bæjarflöt 4 - USK26020196

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101, innrétta trésmíðaverktæði og skrifstofu, koma fyrir stiga, stækka geymsluloft, rými 0201, og bæta við nýrri innkeyrsluhurð á norðurhlið iðnaðarhúss á lóð nr. 4 við Bæjarflöt.

Stækkun: 53 ferm., 0,0 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Dragháls 18 - USK26020262

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi allra hæða í húsi á lóð nr. 18 við Dragháls

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Fákafen 9 - USK26010404

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta kírópraktorstofu í rými xxxx á 2. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr. 9 við Fákafen.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 8. desember 1998.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Fálkagata 23 - USK26020141

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 02 og byggja viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr. 23 við Fálkagötu.

Niðurrif, mhl. 02: 18,9 ferm

Stækkun: 54,2 ferm.

Eftir stækkun: 200,4 ferm., 612,2 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. febrúar 2026.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Grjótagata 5 – breytingaerindi - USK26020092

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23060060 og setja skyggni fyrir ofan aðaldyr á austurhlíð einbýlishúss á lóð nr. 5 við Grjótagötu

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Grundargerði 11 - USK26020070

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061828 sem snýr að því að breyttri notkun bílskúrs þar sem yrði innréttuð vinnustofu auk þess er sótt um að breyta stiga og byggja yfirbyggðar verandir við mhl. 02 á lóð nr. 11 við Grundargerði. Erindinu fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa húsi nr. 9 dags. 02. febrúar 2026, yfirlit breytinga dags. 23. maí 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hlésgata 2 - USK25120059

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt 3-4 hæða fjölbýlishús með 67 íbúðum á bílajakjallara með 31 bílastæði á lóð nr. 2 við Hlésgötu.

Stærð: 9.847,9 ferm., 34.805 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hraunteigur 19 - USK26020142

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi rýma í húsi nr. 19 við Hraunteig.

Erindinu fylgir samþykki eiganda dags. 16. desember 2025 og yfirlit breytinga 12. júní 2001.

Frestað. Lagfæra skráningu.

18. Hraunteigur 19 - USK25120173

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og uppfæra skráningu í "ósamþykktri íbúð" á 3. hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 19 við Hraunteig.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 9. desember 2025 og svör við athugasemdum byggingarfulltrúa dags. 4. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

19. Hrefnugata 9 - USK26010266

Sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja tvo kvisti og svalir, innrétta svefnherbergi og baðherbergi í risi og breyta innra skipulagi á 2. hæð, einnig er gerð grein fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt í kjallara og á 1. hæð, innréttað íbúðarherbergi í hluta bílskúrs og byggð köld geymsla í garði einbýlishúss á lóð nr. 9 við Hrefnugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. mars 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026.

Frestað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026.

20. Hringbraut Landsp. – breytingaerindi - USK26020118

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052751 vegna lokaúttektar á Eirberg, mhl.07 og 08 við Eiríksgötu 34, á lóðinni Hringbraut Landsp.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hrístateigur 31 - USK25110425

Sótt er um leyfi til að byggja kvisti á suður- og norðurhlið og gerð grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 31 við Hrístateig.

Stækkun: 63,3 ferm.

Eftir stækkun 250,7 ferm. og 696,7 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

22. Hverafold 37 - USK25110166

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að óútgrafin rými á 1. hæð hafa verið tekin í notkun og til að breyta innra skipulagi, færa eldhús og gera nýja útganga úr baðherbergjum í einbýlishúsi á lóð nr. 37 við Hverafold.

Áður gerð stækkun: 73,7 ferm.

Eftir stækkun: 310,7 ferm., 1.010,7 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hyrjarhöfði 3 - USK26020159

Sótt er um leyfi til að fjölga eignum með því að breyta innra skipulagi og innrétta 6 sjálfstæð atvinnurými í iðnaðarhúsi á tveimur hæðum á lóð nr. 3 við Hyrjarhöfða.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunavarnir útg. V01 dags. 10. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Háaleitisbraut 60 - USK26010158

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og endurbyggja eftir bruna og til að koma fyrir innkeyrsluhurð á bakhlið efnalaugar í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 60 við Háaleitisbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Hólmgarður 25 - USK26020237

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055764 þannig að byggður verður geymsluskúr mhl.02 í norðvesturhorni lóðar, gólf í sameiginlegu þvottahúsi er stólað upp og skipt í séreignir íbúða 0101 og 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 25 við Hólmgarð.

Stærð Mhl.02: 22.0 ferm., 66.0 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hólmgarður 27 - USK26020238

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055765 þannig að byggður verður geymsluskúr mhl.02 í norðausturhorni lóðar, gólf í sameiginlegu þvottahúsi er stólað upp og skipt í séreignir íbúða 0101 og 0201 í íbúðarhúsi á lóð nr. 27 við Hólmgarð.

Stærð Mhl.02: 22.0 ferm., 66.0 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Hólmgarður 35 - USK25090416

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 2. hæð og risi íbúðarhúsa, á lóð nr. 35 við Hólmgarð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Höfðabakki 1 - USK26020158

Sótt er um leyfi til að sameina rými 0201 og 0202 og innrétta sem nuddstofu á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 1 við Höfðabakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Kalkslétta 1 – breytingaerindi - USK26020114

Sótt er um leyfi til að koma fyrir vegg sem skilur að spilliefni og aðra vinnslu í húsi á lóð nr. 1 við Kalksléttu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Karfavogur 44 - USK25120347

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi auk þess sem gerð er grein fyrir ósamþykktu íbúð 0001 í kjallara, vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar fyrir íbúðarhúsi á lóð nr. 44 við Karfavog.

Erindi fylgir samþykki eiganda íbúðar 0001 dags. 10. nóvember 2025

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

31. Katrínartún 4 - USK26010198

Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofu fyrir listamenn í rými 0101 í Katrínartúni 4 sem er mhl. 06 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga,.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Katrínartún 4 - USK26020045

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049912 vegna lokaúttektar þannig að breytingar á innra skipulagi hafa verið gerðar í kjallara og á 1. hæð í Katrínartúni 4, skrifstofuhúsi sem er mhl. 06 á lóð nr. 8-16 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Korngarðar 2 – breytingaerindi - USK26020185

Sótt er um leyfi til breyta erindi USK25080227 með því að innrétta tvö fundarherbergi í suðausturhluta atvinnuhúss á lóð nr. 2 við Korngarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Kvisthagi 4 - USK25120060

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr, mhl. 02, við þrífýlishús á lóð nr. 4 við Kvisthaga.

Stærð: 49 ferm., 151,9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. janúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Laugavegur 27 - USK26010453

Sótt er um leyfi til að innrétta víngerð í rými 0104 í atvinnuhúsi á lóð nr. 27 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Lækjarás 6 - USK26010077

Sótt er um leyfi til að steypa garðveggi og breyta lóðarhönnun við einbýlishús á lóð nr. 6 við Lækjarás.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Malarhöfði 2 - USK26010456

Sótt er um leyfi til að breyta eignarhaldi og inna skipulagi á 2. hæð þannig að rými 0201 stækkar á kostnað rýmis 0201 til að koma fyrir snyrtingum og starfsmannaðstöðu rými 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Malarhöfða 2, mhl.02, á lóð nr. 2-2A við Malarhöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Mosgerði 8 - USK26020138

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti húss á lóð nr. 8 við Mosgerði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 8. desember 1983.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Móvað 35 - USK26020020

Sótt er um leyfi til að breyta skipulagi á lóð, koma fyrir gróðurhúsi og klæða með málmklæðningu einbýlishús á lóð nr. 35 við Móvað.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Njörvasund 29 - USK26020093

Sótt er um leyfi til að byggja kvist á suðurhlið einbýlishúss og að byggja bílskúr á lóð nr. 29 við Njörvasund, yfirlit breytinga fylgir með. Stækkun xx ferm, og xx brúttóferm.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

41. Pósthússtræti 17 – breytingaerindi - USK25110119

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060086 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt og gerðar minni háttar útlitsbreytingar, sorp og gasgeymslur færðar og sameinaðar, loftræstisamstaða, sprinkler og rafmagnstafla færð til og brunavarnir uppfærðar á veitingastað í flokki II teg A fyrir alls 130 gesti í veitingarhúsinu Skólalabru á lóð nr. 17 við Pósthússtræti.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 9. febrúar 2026, umsögn Minjastofnunar dags. 5. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 10. september 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Sandavað 7 - USK25110276

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi með því að loka milli fataklefa og starfsmannainngangs og breyta brunavörnum þannig að innbyggt slöngukefli er fjarlægt og handslökkvitækjum fjölgað í staðinn í leikskólanum Rauðhól á lóð nr. 7 við Sandavað.

Jafnframt er erindi BN060565 dregið til baka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. Seljavegur 1A - USK26020117

Sótt er um leyfi til að innrétta tvær íbúðir í einbýlishúsi á lóð nr. 1a við Seljaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Skarfagarðar 6 – breytingaerindi - USK26030029

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23120166 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi og innréttingum er breytt, upplýsingar um tímabundna veitingastarfsemi er skilgreindur sem flokkur II tegund G á og brunahólfanir og flóttaleiðir eru uppfærðar fyrir móttöku- og þjónustumiðstöð skemmtiferðaskipa, sem utan ferðatímabils verður mögulega nýtt til viðburðahalds á viðskipta- og þjónustulóð nr. 8 við Skarfagarða.

Erindi fylgir greinargerð brunavarna frá Brunahönnun dags. 27. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 30. apríl 24.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

45. Skipholt 19 – breytingaerindi - USK26020072

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110167 þannig að innra skipulagi er breytt og innréttaður er veitingastaður í flokki II tegund ? fyrir allt að 80 gesti í rými 0101 í sambýlis- og iðnaðarhúsi á lóð nr. 19 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Skipholt 50 - USK25070358

Sótt er um leyfi til að hækka þak og byggja kvisti á fjölbýlishús á lóð nr. 50 við Skipholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdrátta samþykktum 29. september 1955. og samþykki meðeigenda dags. 10. mars 2026.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Skólavörðustígur 42 - USK26010493

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 við Skólavörðustíg 42. í versluninni verði útbúin aðstaða til pizzugerðar og upphitunar á bakkelsi.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Stangarholt 4 - USK24110371

Sótt er um leyfi til að breyta BN057607 vegna lokaúttektar, breyta notkun, koma fyrir þakglugga og innrétta sem íbúð, rými 0102, í bílskúr, mhl.02, við íbúðarhús á lóð nr. 4 við Stangarholt.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðeiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Stangarhylur 3 – breytingaerindi - USK26020113

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020162 vegna lokaúttektar þannig að gerðar eru minni háttar breytingar á innra skipulagi, flóttaleið af 1. hæð er breytt og brunavarnir eru uppfærðar í húsi á lóð nr. 3 við Stangarhyl.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Stálhöfði 2 - USK26030345

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050360, með síðari breytingu USK24110324 þannig að neðri bílakjallari er stækkaður og stæðum fjölgað um 17 eða samtals 103 auk þess sem skráningartafla er uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2 við Stálhöfða.

Stækkun: 403.8 ferm., 1.190.0 rúmm.

Stærð: 19.816.8 ferm., 57.038.5 rúmm.

Erindi fylgir óstimplað eintak af deiliskipulagsuppdætti dags. 9. janúar 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2025

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

51. Suðurlandsbraut 6 - USK25120194

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta matvöruverslun í rými 0101 og 0103 í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 6 við Suðurlandsbraut.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

52. Suðurlandsbraut 6 - USK26010403

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki X, teg. X fyrir 30 gesti í rými 0101, mhl. 03 í húsi á lóð nr. 6 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á synjuðum aðalupprætti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

53. Sóleyjargata 17 - USK26020115

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum innanhússbreytingum í húsi nr. 17 við Sóleyjargötu. Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

54. Urðarstígur 4 - USK26030361

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061755 með síðari breytingum, vegna lokaúttektar þannig að geymslu er breytt í baðherbergi og glugga í hurð á vesturhlið kjallara einbýlishúss á lóð nr. 4 við Urðarstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðalupprætti samþykktum 11. júlí 2023.

Jafnframt er erindi USK25100337 dregið til baka

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

55. Úlfarsbraut 124 - USK26030278

Sótt er um leyfi til að byggja aðstöðu fyrir fréttamenn ofaná dæluhús við íþróttavöll Fram á lóð nr. 124 við Úlfarsbraut.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Stærð eftir stækkun: 172,9 ferm., 229,7 rúmm.

Jafnframt er erindi BN061566 dregið til baka.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Vatnagarðar 22 - USK25120267

Sótt er um leyfi til að bæta flóttaleið af milligólfi með því að koma fyrir flóttapöllum og stigum á austur- og vesturhlið og til að breyta innra skipulagi og innrétta blikk- og járnsmiðju ásamt starfsmannaaðstöðu á 1. hæð og skrifstofur á 2. hæð í húsi á lóð nr. 22 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Örugger dags. 13. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Vatnagarðar 4 - USK25090028

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta kennslurými fyrir Kvikmyndaskóla Íslands, til að byggja yfir loftræsisamstæður á suðurhlið, breyta gluggum og gera nýja útganga og sameina í eina eign atvinnuhús á lóð nr. 4 við Vatnagarða.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 3.295,3 ferm., 12.946,3 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um algilda hönnun dags. 23. október 2025 og samantekt um brunavarnir frá Örugger dags. 12. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

58. Vatnagarðar 6 - USK26020415

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, fjarlægja innveggi, opna inn í aðliggjandi rými innrétta fyrir pökkun matvæla og koma fyrir kæli- og frystiklefum fyrir matvælavinnslu í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 6 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:40
Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Silvá Kjærnested,
Auður Eygló Andrésdóttir,
Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson.
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir